

2. fundur skólaráðs Foldaskóla skólaárið 2018-2019 haldinn föstudaginn 30. nóvember 2018 kl. 8:10.

Mættir voru: Bára Jóhannsdóttir skólastjóri, Krístrún Guðjónsdóttir aðstoðarskólastjóri, Eva Rós Vilhjálmsdóttir og Karen Björk Guðjónsdóttir fulltrúar kennara, Sigrún Helga Jónsdóttir fulltrúi starfsmanna, Guðlaug Björk Karlsdóttir og Jóhannes H. Steingrímsson fulltrúar foreldra og Hrafnhildur Árnadóttir og Elín Salka Snorradóttir fulltrúar nemenda.

Fundur settur kl. 8:18 og gengið til dagskrár.

Dagskrá:

1. Kynning á samskiptareglum.

Bára setti fundinn og gaf Huldu Maríu Magnúsdóttur, deildarstjóra unglíngastígs, orðið. Hún fór yfir samskiptareglur sem mótaðar voru í skólanum út frá viðmiðum um samskipti kennara og foreldra sem gefin voru út af SFS 2017.

Í framhaldi var rætt um samskipti á fésbókarsíðum og að það þyrfti að merkja betur skrifstofu skólans við aðalinngang.

2. Samræmdar reglur um skólasókn og ástundun nemenda í grunnskólunum í Grafarvogi og á Kjalarnesi.

Bára kynnti nýjar reglur um skólasókn sem unnar hafa verið af samráðshópi í hverfi IV. Elín Salka benti á að ósanngirni sé stundum hjá kennurum þegar nemendur sem eru framarlega í stafrófsröðinni fá skráð seint en sá sem er á eftir í stafrófinu ekki.

2. Kynning á jafnréttisáætlun skólans

Bára sagði frá því að búið sé að uppfæra mannréttindaáætlun skólans sem nú heitir jafnréttisáætlun en hana á að yfirfara á þriggja ára fresti. Miklar umræður um pappírsvinnu og hvort ekki væri eðlilegra að slík vinna færi fram miðlægt fyrir alla skólana. Bára mun senda jafnréttisáætlunina á aðila skólaráðs.

3. Önnur mál

Kristinn spyr um reglur um agamál. Rifjaðar voru upp símareglur og eins verklagsreglur nemenda í vanda.

Kristinn spurði hvernig innra mati skólans væri háttað og upplýsingagjöf til foreldra. Bent var á ýmis matstæki, s.s. skólapúls, samræmd könnunarpróf, lesferilspróf, talnalykil, viðhorfskannanir foreldra, könnun á líðan nemenda og starfsfólks og könnun á neyslu (Ungt fólk). Eins er skólinn reglulega tekinn út af heilbrigðiseftirliti og hvað varðar öryggismál.

Leggja þarf meiri áherslu á að innra og ytra mat á skóla sé gert aðgengilegt foreldrum og sýnilegt á heimasíðu skólans.

Guðlaug spurði hvernig tekið væri á áföllum í skólanum og kom fram að til væri áfallaáætlun í skólanum sem stuðst væri við. Ábending kom fram um að gott væri upplýsa foreldra frekar meira en minna um það sem væri í gangi innan skólans svo foreldrar hefðu tækifæri á að ræða við börn sín um það sem væri í gangi hverju sinni.

Fundi slitið kl. 9:45

Krístrún Guðjónsdóttir